

246. fundur fræðslunefndar Mýrdalshrepps

haldinn í Víkurskóla þriðjudaginn 28. maí 2019 kl. 15:00

Eftirtaldir sátu fundinn:

Fræðslunefnd; Anna Huld Óskarsdóttir formaður, Anna Björnsdóttir ritari, Íris Mjöll

Valdimarsdóttir, Sigrún Jónsdóttir (Pálmi)

Aðrir; Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri, Elín Einarsdóttir skólastjóri grunnskóla, Bergný Ösp

Sigurðardóttir skólastjóri leikskóla, Brian Haroldsson skólastjóri Tónskóla. Áheyrnarfullrúar:

Dagný Rut Gretarsdóttir deildarstjóri leikskóla, Kolbrún Hjörleifsdóttir kennari grunnskóla og

Salóme Þóra Valdimarsdóttir frá foreldrafélagi

DAGSKRÁ

1. VÍKURSKÓLI

a. Skýrsla skólastjóra

Sundkennsla: Töluvert uppbrot varð á stundartöflu nemenda vegna sundkennslu sem hefur gengið vel og í framhaldinu hefur verið ákveðið að sundkennsla fari fram í lotum framvegis

Skólapúlsinn: niðurstöður úr Skólapúlsinum fyrir 1. – 5. bekk liggja nú fyrir og fylgja fundargögnum

Annað: Elín skólastjóri sótti alþjóðlega ráðstefnu skólastjóra ULEAD 2019 í Kanada dagana 10. – 14. maí s.l. og var ferðin skipulögð af Skólastjórafélagi Íslands „Re-imagining School Leadership“ lauslega þýtt sem „Endurhugsum skólastjórnun“ og var fjölbreytt og góð reynsla fyrir skólastjóra. Þann 15. maí sótt stór hópur hollenskra skólastjóra Víkurskóla heim en þær Victoría kennari og Kolbrún Ósk aðstoðarskólastjóri tóku á móti gestunum með kostum og kynjum. Gestirnir luku lofsorði á það sem þeir sáu og heyrðu um starfsemi Víkurskóla. Verið er að ganga frá starfsmannamálum þessa dagana og fyrirhugaðar nokkrar breytingar. Stefnt er að því að Dægradvöl verði opin til kl. 16:00 á næsta skólaári. Einnig þarf að gera nokkrar breytingar á notkun skólarýmis. Þema vordaga var heilsueflandi skóli t. d. ýmsar ferðir, gróðursetning, leikir, Unicef hlaup o. fl. Breytingar á skólaþjónustunni eru á döfinni en Edda Antonsdóttir lætur nú af störfum og er mikil eftirsjá að henni.

Kolbrún sagði að hún væri ánægð með fyrirhugaðar breytingar og hvatti til góðra verka nú sem endranær.

Skýrslan í heild er aðgengileg í fylgiskjöllum fundarins.

b. Nemendakönnun 1. – 5. bekkjar

Lögð fram til kynningar, lagt fyrir í fyrsta skipti. Framkvæmdin gekk vel.

2. LEIKSKÓLINN MÁNALAND

a. Skýrsla skólastjóra

Starfsemi

Deildarstjóri: verklýsing þ.e. hvert er starfssvið deildarstjóra

Könnun kynnt um starfsumhverfi og kjör leikskólakennara á landsvísu

3. TÓNSKÓLI MÝRDALSHREPPS

Skólastjóri upplýsti að ekki hefðu farið fram stigspróf vegna forfalla prófdómara

4. ÖNNUR MÁL

Ekki vannst tími fyrir önnur mál

Fundi slitið kl. 16:45

Anna Björnsdóttir ritari

Anna Huld Óskarsdóttir

Íris Mjöll Valdimarsdóttir

Sigrún Jónsdóttir